

# Icelandair Hotels

Reykjavík 4. Febrúar 2022

**B.t. Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis  
Nefndasvið við Austurvöll**

**Erindi: athugasemd Icelandair Hótela við fyrirbyggjandi frumvarpi til laga um styrki til rekstraraðila veitingastaða sem hafa sætt takmörkunum á opnunartíma.**

**152. löggjafarþing 2021–2022.  
Þingskjal 410-232 mál.  
2. umræða.**

## **Fororð**

Umsögn um frumvarp um fjárstuðning til rekstraraðila veitingastaða sem sætt hafa takmörkunum á opnunartíma vegna heimsfaraldurs kórónuveiru (framhald lokunarstyrkja).

Icelandair Hótel (Flugleiðahótel) reka 9 heilsárshótel um land allt, þar af 6 í Reykjavík og 3 á landsbyggð. Á öllum hótélum félagsins er rekinn veitingastaður, og hafa alls 195 manns atvinnu af störfum í umræddum veitingadeildum þess. Í heildina starfa um þessar mundir alls 545 starfsmenn hjá félaginu. Öll hótel sem og veitingastaðir Icelandair Hótela eru reknir undir einni og sömu kennitölunni.

Ofangreint frumvarp um stuðning til rekstraraðila veitingaþjónustu tekur ekki tillit til þeirra aðila sem eru með fleiri en einn veitingastað í rekstri undir sömu kennitölu. Þannig er einungis hægt að sækja um einn styrk á kennitölu burtséð frá fjölda veitingastaða í rekstri viðkomandi félags. Hvert hótel og veitingastaður Icelandair Hótela er með aðskilið rekstrarleyfi, og greiðir félagið leyfisgjöld fyrir hvert og eitt þeirra, jafnvel þótt kennitalan sé ein og hin sama. Teljum við það skjóta skökku við að ekki sé hægt að sækja um styrk fyrir hvert útgefið rekstrarleyfi í stað styrks á hverja kennitölu.

## **Tillaga Flugleiðahótela**

Að breyting verði gerði á frumvarpinu á þá leið að hægt verði að sækja um styrki fyrir hvert rekstrarleyfi í stað kennitölu.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Haraldsson  
Framkvæmdastjóri Flugleiðahótela